



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 8. ágúst 2025.

Málsnr. 2409007

PBG/HH

Hinn 28. mars sl. voru drög að stofnskjölum Almenningsamgangna ohf. send sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu og voru þau staðfest af hálfu allra hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Síðan þá hefur áfram verið unnið að stofnun félags í eigu ríkis og sveitarfélaga sem annist þróun, rekstur og skipulag almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Við þá vinnu hefur m.a. verið leitað frekari lögfræðiálita.

Í ljósi m.a. þess sem fram kemur í fyrirleggjandi lögfræðiálitum, svo og þess að stofnun félagsins hefur tafist nokkuð, telur stýrihópur rétt að gera smávægilegar breytingar á stofnskjölum.

Ekki er um að ræða breytingar sem fela í sér breytingar á skyldum eða réttindum sveitarfélaganna og almennt er ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur áréttingar er leiði til aukins skýrleika.

Nánar er gerð grein fyrir umræddum breytingum og ástæðum þeirra hér að neðan.

Er farið fram á að meðfylgjandi gögn, sem tilgreind eru í staflíðum a), b) og c) verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar þeirra. Er þá farið fram á að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið ssh@ssh.is. Óskað er skjótrar afgreiðslu þessa máls þar sem gert er ráð fyrir stofnun félagsins fyrir lok ágústmánuðar. Sé óskað frekari kynningar á málinu skulu beiðnir þess efnis berast í netfangið ssh@ssh.is.

Breytingar á heiti:

Þar sem Almenningsamgöngur ehf. er félag í eigu Vegagerðarinnar er ekki unnt að skrásetja hið nýja félag undir vinnuheiti þess, þ.e. Almenningsamgöngur ohf. Er því lagt til að heiti félagsins í stofnskjölum og við skrásetningu verði „Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.” og stofnskjölum þess breytt til samræmis við það. Er hér aðeins um heiti félagsins að ræða en gera má ráð fyrir því að stjórn félagsins móti frekar vörumerki þess og markaðssetningu gagnvart almenningi.

Þjónustusamningur félagsins við hlutaðeigandi sveitarfélög og ríkið:

Í hluthafasamkomulagi er fjallað um þjónustusamning félagsins við hluthafa sína, sbr. gr. 2.2 og 2.3 en ljóst er að félagið mun annast rekstur almenningsamgangna samkvæmt slíkum samningi. Að ráðleggingu lögmanna er þó skerpt á þessu atriði og er því lagt til að við tilgangssákvæði í 1. mgr. 2. gr. stofnsamnings, 3. mgr. 2. gr. samþykktu félagsins og 4. mgr. 1. gr. hluthafasamkomulagsins bætist eftirfarandi texti:

„samkvæmt sérstökum þjónustusamningi þar um við hlutaðeigandi sveitarfélög og ríkið.“

Þetta hefur ekki í för með sér efnislegar breytingar enda eins og áður segir ljóst, m.a. af hluthafasamkomulagi, að slíkur þjónustusamningur verður gerður um starfsemina. Þessari viðbót er því aðeins ætlað að skerpa á þeirri staðreynd.

Arður af starfseminni:

Í 2. mgr. 2. gr. stofnsamnings kemur fram að félaginu sé ekki ætlað að skila arði. Til að skerpa á því er lagt er til að samhljóða ákvæði verði bætt við samþykktir þess, í 4. mgr. 1. gr., en ákvæðið er svohljóðandi:

Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu. Verði hagnaður af starfsemi félagsins skal honum ráðstafað í starfseminni til samræmis við samþykktir þessar og tilgang félagsins.

Ekki er um efnislega breytingu að ræða þar sem framangreint kemur þegar skýrt fram í stofnsamningi.

Slit félagsins:

Í þeim stofnskjölum sem þegar hafa verið samþykkt láðist að fjalla um möguleg slit félagsins svo sem áskilið er í lögum um hlutafélög. Er því lagt til að eftirfarandi ákvæði verði bætt sem 5. mgr. við 1. gr. samþykktanna, til áréttingar þess að farið verði að lögum um hlutafélög komi til slits félagsins.

Við slit félagsins skal fara með eignir þess í samræmi við ákvæði XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tilgreining hlutafjár:

Í þeim tilgangi að skerpa á ákvæði um hlutafé félagsins og umfjöllun um greiðslu vegna hvers hlutar er lagt til að 1. mgr. 3. gr. stofnsamningsins verði breytt til samræmis við sambærilegt ákvæði í stofnsamningi Betri samgangna ohf. og verði þá svohljóðandi:

Hlutafé félagsins skal vera kr. 1.000.000.000,- einn milljarður króna og skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hver hlutur skal vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirra. Stofnefndur félagsins eru eftirtaldir og hafa þeir skrifað sig fyrir hlutum með neðangreindum hætti:

Umrædd breyting felur ekki í sér breytingar á réttindum eða skyldum sveitarfélaganna. Þetta er þá til samræmis við innihald 3. gr. samþykktu félagsins en að ráði lögmanna er lagt til að skerpt verði á þessu í stofnsamningnum.

Greiðslutilhögun stofnfjár:

Í stofnsamningi og hluthafasamkomulagi sem kom til afgreiðslu sveitarfélaganna í mars sl. var gert ráð fyrir því að stofnfé félagsins væri greitt í átta jöfnum mánaðarlegum greiðslum frá 1. maí 2025 að telja. Þar sem stofnun félagsins hefur enn ekki átt sér stað og engar greiðslur því farið fram er gerð tillaga um að breyta ákvæðum 3. gr. stofnsamnings og 1. gr. hluthafasamkomulags á þann veg að nú verði gert ráð fyrir fjórum jöfnum mánaðarlegum greiðslum frá 1. september 2025 að telja.

Ráðgefandi hæfnisnefnd:

Við val á fyrstu stjórn félagsins var ákveðið að ráðherra og stjórn SSH, sem fer með eigendaumboð fyrir hönd sveitarfélaganna, kæmu sér saman um skipan ráðgefandi hæfnisnefndar sem geri tillögur

að samræmdum tillögum um tilnefningar stjórnarfólks á grundvelli viðmiða um þá hæfni, þekkingu og reynslu sem krafist er af stjórnarmönnum. Til að unnt sé að festa slíkt fyrirkomulag í sessi til framtíðar er lagt til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við 12. gr. samþykktanna og gr. 2.2 í hluthafasamkomulagi, svohljóðandi:

Ráðherra og stjórn SSH er jafnframt heimilt að koma sér saman um skipan ráðgefandi hæfnisnefndar sem geri tillögur að samræmdum tillögum um tilnefningar stjórnarfólks á grundvelli viðmiða um þá hæfni, þekkingu og reynslu sem krafist er af stjórnarmönnum.

Áréttað er að um valkvætt fyrirkomulag er að ræða sem er háð því að aðilar komi sér saman um framkvæmdina hverju sinni.


Kynjahlutfall í stjórn félagsins:

Í 2. mgr. gr. 2.2 í hluthafasamkomulagi kemur fram að gæta skuli þess við tilnefningar í stjórn félagsins að kynjahlutfall sé til samræmis við lög hverju sinni. Í 28. gr. jafnréttislaga nr. 150/2020 er kveðið á um að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir, t.a.m. opinberra hlutafélag á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Er því til staðar skýr lagaskylda hvað þetta varðar. Er þó gerð tillaga um að ákvæði um sem jafnast kynjahlutfall verði bætt við samþykktir félagsins til samræmis við orðalag samþykpta annarra félaga í eigu ríkisins. Er því lagt til að 3. mgr. 12. gr. samþykktanna verði svohljóðandi:

Gæta skal að sem jöfnustu kynjahlutfalli við tilnefningar í stjórn félagsins.

Allar framangreindar breytingartillögur má sjá rauðletraðar í meðfylgjandi fylgiskjölum.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- a) *Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Almenningsamgangna hfbsv. ohf. Tillagðar breytingar eru rauðletraðar.*
- b) *Samþykktir fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur hfbsv. ohf. Tillagðar breytingar eru rauðletraðar.*
- c) *Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur hfbsv. ohf. Tillagðar breytingar eru rauðletraðar.*